



1197. stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 11. desember 2019, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 0. hæð.

Mætt voru: Ragnar Þór Ingólfsson, Harpa Sævarsdóttir, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Arnþór Sigurðsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Dóra Magnúsdóttir, Friðrik Boði Ólafsson, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, Helga Ingólfssdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Selma Árnadóttir, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Sigurður Sigfússon, Sigmundur Halldórsson, Þorvarður Bergmann Kjartansson, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Árni Leósson forstöðumaður sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerð 1196. stjórnarfundar VR var lögð fram til samþykktar.

Ragnar Þór lagði fram fundargerð 1196. stjórnarfundar VR til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana.

Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.

2. Samstöðufundur – samþykkt á milli funda

Ragnar Þór sagði frá samþykkt stjórnar milli funda sem fært er til bókar. Tilefnið var samstöðufundur gegn spillingu sem haldinn var á Austurvelli þann 7. desember 2019 og í tölvupósti til stjórnarmanna dags. 27. nóvember 2019 óskaði Ragnar Þór eftir samþykki stjórnar fyrir því að VR myndi styðja fundinn með auglýsingum gegnum Facebook og útvarp með slagorði og ályktun ASÍ.

12 stjórnarmenn svöruðu með samþykki.

3. Kjaramál – staðan

Ragnar Þór sagði frá því að eftir viðræður við fyrirtækið Póstdreifingu hefði fyrirtækið fallist á að kjarasamningur VR myndi gilda fyrir blaðburðarfólk þess.

Þá sagði hann frá því að kjaradeilan við ÍSAL sé nú komin í ferli hjá Ríkissáttasemjara. Fyrsti fundur í kjaraviðræðum við Norðurál er í vikunni og verður áhersla okkar á að verja vísitölutryggingu launa þar sem áður var umsamin.

Varðandi húsnæðismálin og þá sérstaklega hlutdeildarlánin þá hefur þetta verið kynnt og rætt í húsnæðisnefnd VR og einnig í nefndinni hjá ASÍ. Verið er að forma útfærslu lánanna og komin sátt um leiðina þannig að allt er í góðum farvegi einnig með önnur atriði þessa málaflökks, sumt jafnvel á undan áætlun og komið í umsögn hjá ráðuneytinu.

Sigurður, Sigríður Lovísa og Friðrik Boði mæta hér til fundar kl. 17:40

Ragnar Þór sagði að varðandi styttingu vinnuvikunnar hafi allt gegnið vonum framar og margir þegar byrjaðir með styttingu.

Umræður.

4. Jafnréttisnefnd, markmið og aðgerðir jafnréttisnefndar 2020

Svanhildur Ólöf sagði umfjöllunina núna vera framhald af kynningu sem ekki var kláruð á síðasta fundi og lagði fram skjalið „*Drög – markmið og aðgerðir jafnréttisnefndar VR 2020 – 2024*“ dags. 02.10 2019 og fór yfir efnið þar sem frá var horfið á síðasta fundi en þá vorum við komin að umfjöllun um drög að aðgerðaráætlun. Um er að ræða 5 ára áætlun um ýmis efni sem hún kynnti og fór yfir.

Þorvarður mætir hér til fundar kl. 17:45

Umræður.

Helga mætir hér til fundar kl. 17:48

Að loknum umræðum bar Ragnar Þór upp til samþykktar þá þætti aðgerðaráætlunar sem hér hafði verið kynnt, einn þátt í einu sem hér segir:

- a. Herferð Deja-vu = Kynbundinn launamunur fari úr 10% í 7%: Samþykkt samhljóða.
- b. Jafnréttisviðurkenning VR : Samþykkt samhljóða
- c. Jafnvægisvog – samstarf við FKA: Samþykkt með 13 atkvæðum gegn 1
- d. Fræðslusíða – leiðbeindandi efni: Samþykkt samhljóða
- e. Herferð eldri félagsmenn: Samþykkt samhljóða
- f. Rannsóknir og þekking / heimilisstörf kk og kvk – vitundarvakning/ Starfsmenn af erlendum uppruna/ LGBT: Samþykkt samhljóða

5. Könnun um mögulegt framboð verkalýðshreyfingarinnar til Alþingis

Ragnar Þór lagði fram skjalið „*Könnun um afstöðu til stofnunar stjórn málaafsls*“ dags. 09.12 2019 og fór yfir efni þess.

Í máli Ragnars Þórs kom fram að hann hafi bryddað uppá þeirri hugmynd í samfélagsumræðunni að verkalýðshreyfingin kæmi að stofnun stjórn málaframboðs og hefði það vakið mikla athygli og umræðu. Því leggur hann nú til að VR geri skoðanakönnun til að kanna fylgi við slíka hugmynd.

Það væru þrjár spurningar í spurningavagni þar sem spurt yrði hversu líklegt eða ólíklegt væri að fólk myndi kjósa slíkt stjórn málaafli, hvað það hafi kosið í síðustu kosningum og spurt um stéttarfélagsaðild.

Ragnar Þór sagði markmiðið ekkert endilega að bjóða fram því ekki síður væri eftirsóknarvert að sjá hvaða traust verkalýðshreyfingin hafi um þessar mundir og einfaldlega að setja þrýsting á stjórn málaflökkana um að koma með þær breytingar sem kallað sé eftir. Væri mjög áhugavert að sjá útkomuna en auðvitað sé þetta pólitísk spurning.

Þetta myndi kosta okkur um 300.000 kr. og síðan er það okkar að ákveða hvað gert verður með niðurstöðurnar. Leitar hann stuðnings við að senda út slíka könnun.

Umræður.

Að loknum umræðum bar Ragnar Þór upp þá tillögu sína að þessi könnun verði framkvæmd.

Samþykkt samhljóða.

6. 9 mánaða uppgjör

Stefán lagði fram skjölin „Lykiltölur VR janúar til september árið 2019“, „Rekstraryfirlit janúar til september 2019 – Samstæða VR“, „Rekstrarreikningur janúar – september 2019“ og „Atvinnuleysi meðal félagsmanna VR“ dags. 04.12 2019.

Dóra mætir hér til fundar kl. 18:50

Í máli Stefáns kom m.a. fram að fjölgun félagsmanna á árinu sé um 3,9% og séu félagsmenn um þessar mundir 37.316 talsins. Ef ekki hefði komið til sameiningar við Verslunarmannafélag Suðurnesja væri fjölgun þó ekki nema um 0,5% sem sé fremur lítil fjölgun miðað við fjölgun undanfarinna ára. Áfram fækkar afgreiðslum og símtölum en á móti fjölgi mjög rafrænum afgreiðslum og þjónustu bæði með heimsóknum á vef félagsins vr.is og á Mínar síður.

Rekstrartekur á tímabilinu voru 3.3 milljarðar króna en rekstrargjöld 3.5 milljarðar króna og voru rekstrartekjur umfram gjöld neikvæðar um 132.7 milljónir króna. Á móti voru fjármagnsliðir rúmur milljarður króna og hreinar tekjur til ráðstöfunar 922 milljónir króna.

Eignir félagsins standa nú í 14.4 milljörðum króna sem er aukning um 12,9% frá síðasta ári en nafnávöxtun á sjóðum félagsins var 11,02% en raunávöxtun 8,75%.

Umræður.

7. Áætlun 2020

Stefán lagði fram skjölin „*Rekstraráætlun VR 2020*“, „*Rekstraráætlun 2020 – deildarskipt*“ og „*Rekstraráætlun 2020 – skýringar*“. Í máli Stefáns kom fram að þessi skjöl hafi verið lögð fyrir á síðasta fundi ásamt yfirferð og skýringum. Hafi þær upplýsingar því legið milli funda og engar athugasemdir hafi komið frá stjórnarmönnum eða breytingartillögur.

Þar sem engar athugasemdir eða breytingartillögur lágu fyrir þar Ragnar Þór kynnta rekstraráætlun VR 2020 upp til samþykktar.

Samþykkt samhljóða.

8. Skipun kjörstjórnar VR 2020

Stefán lagði fram skjalið „*Tillaga um kjörstjórn fyrir árið 2020*“ dags. 04.12 2019 en um er að ræða tillögu um skipan kjörstjórnar VR fyrir árið 2020 í samræmi við 19. gr. laga VR en skipunartími núverandi kjörstjórnar rennur út þann 31. desember 2019.

Lagt er til að stjórn VR skipi eftirtalda aðila í kjörstjórn VR fyrir árið 2020:

Aðalmenn skipaðir af VR:

Þóra Skúladóttir Öfjörð, Vörubílastöðin Þróttur
Þorsteinn Þórólfsson, Húsasmiðjan

Varamenn

Jón Hrafn Guðjónsson, Flugger
Pálína Vagnsdóttir, Húsgagnahöllin

Í samræmi við 19. gr. laga VR yrði svo leitað til ASÍ með að skipa einn aðalmanna og einn til vara í kjörstjórn VR.

Ragnar Þór þar nú upp til samþykktar ofangreinda tillögu að skipan kjörstjórnar VR árið 2020.

Samþykkt samhljóða.

9. Styrkjanefnd VR, tillögur að styrkjum

Arnþór lagði fram skjölin „*Minnisblað til stjórnar – Styrkjanefnd VR*“ dags. 09.12 2019 og „*Styrkjanefnd – Yfirlit yfir styrki A*“ en í þeim kom fram að Styrkjanefnd félagsins starfi samkvæmt nýlegum reglum um styrki sem samþykktar voru í stjórn í september 2018 en samkvæmt þeim sé styrkjum skipt í þrjá flokka, A, B og C flokka.

Í skjalinu kom fram yfirlit yfir þá styrki sem greiddir hafa verið í hverjum flokki en nefndin fundaði fimm sinnum á starfsárinu og fékk átta styrkbeiðnir og samþykkti fjóra þeirra í flokki C. Allar upplýsingar um styrki allra flokka og umsóknir geta stjórnarmenn nálgast á stjórnargáttinni.

Af þeim fjármunum sem áætlaðir voru í styrki árið 2019 eru nú eftir 3.3 milljónir króna og óskar Styrkjanevnd eftir samþykki stjórnar VR fyrir því að því fé sé ráðstafað þannig að greitt verði fyrir eina auka mánaðarlega máltíð hjá félaginu Samhjálp með kr. 1 milljón, greitt verði kr. 1. milljón til innlendra verkefna hjá Hjálparstarfi kirkjunnar og kr. 1.3 milljón í innlent starf hjá Rauða krossi Íslands.

Umræður.

Guðrún Björk vék hér af fundi kl. 19:25

Að loknum umræðum bar Ragnar Þór upp ofangreinda tillögur Styrkjanevndar VR um ráðstöfun á þeim kr. 3.3 milljónum sem eftir standa af ráðstöfunarfé nefndarinnar fyrir árið 2019.

Samþykkt samhljóða.

10. Sjóðsfélagalán hjá LIVE

Stefán lagði fram skjalið „*Breytingar á vaxtakjörum LIVE í október 2019*“ dags. 06.11 2019 en hann hafði áður lagt skjalið fram á síðasta fundi. Í máli Stefáns kom fram að vaxtamálin hafi mikið verið í umræðunni síðasta sumar. Ljóst sé að mikil ásókn sé í óverðtryggð lán hjá sjóðnum og sé allt laust fé sjóðsins að fara í sjóðsfélagalánin. Hafi vegna þessa m.a. þurft að selja eignir til að standa undir bæði lánum og útgreiðslu lífeyris. Því sé nú horft til þess að minnka eftirspurn og hafi ýmislegt verið gert s.s. að hætta að veita verðtryggð lán á breytilegum vöxtum auk breyttra lánareglna og lækkunar hámarksfjárhæðar láns.

Staðan í dag er samt sem áður sú að LIVE er með lægstu vextina á óverðtryggðum lánum með föstum vöxtum sem eru 5,14% og er sjóðurinn annar lægstur með fasta verðtryggða vexti sem eru 3,20%. Hins vegar séu ekki meiri peningar til til útlána.

Helga tók til máls og sagði að áætlun væri uppi um að lenda ekki í slíku ástandi næsta ár m.a. með fjárfestingaáætlun sem er ákveðin millileið sem öll stjórn LIVE gat samþykkt.

Umræður.

11. Vinnumarkaður framtíðar – stefna VR

Friðrik Boði lagði fram skjalið „Tillaga að stefnu frá Framtíðarnefnd VR“ dags. 03.12 2019 og fór yfir efni þess á slæðum. Í máli hans kom m.a. fram að Framtíðarnefnd VR hafi fundað sjö sinnum á starfsárinu og haldið einn vinnufund að auki. Helstu umræðuefni snerust um jafna dreifingu gæða, atvinnulýðræði og stjórnarsetu starfsfólks auk menntunar og þjálfunar tengda fjórðu iðnbyltingunni.

Í störfum sínum hefur nefndin samþykkt stefnu sem nú verður lögð fyrir stjórn VR til samþykktar og fór Friðrik Boði yfir efni hennar og bauð svo til umræðna um efnið.

Umræður.

Í umræðum var samþykkt sú breyting á orðalagi að þar sem segir „VR vill“ komi frekar orðalagið „VR krefst“. Með þeim breytingum er stefnan eftirfarandi í heild sinni:

Vinnumarkaður framtíðar – stefna VR

VR krefst þess að félagsmönnum sé tryggt öruggt atvinnuumhverfi í framtíðinni. Félagið stefnir markvisst að því að hafa áhrif á þróun vinnumarkaðarins til framtíðar og koma í veg fyrir að stórar breytingar á vinnumarkaði geti skert hagsmuni félagsmanna. VR sér tækifæri í breytingum í tækni- og viðskiptaumhverfi og lítur þær jákvæðum augum.

Helstu áherslur VR er varða framtíð vinnumarkaðarins eru:

1 . Jöfn dreifing gæða

1. VR krefst þess að aukin hagræðing og framleiðniaukning í fyrirtækjum í kjölfar tæknibreytinga skili sér í betri kjörum til starfsfólks og til samfélagsins alls.
2. VR krefst þess að vinnuvika starfsfólks styttist enn frekar án launaskerðingar. Fyrirtæki nýti tækifæri sem skapast í kjölfar hagræðingar sem sjálfvirknivæðing og tækniframfarir stuðla að til þessa að stytta vinnutíma starfsfólks.
3. VR hvetur fyrirtæki sem fara í gegnum tæknibreytingar að gera það með sjálfbæra þróun að leiðarljósi og að breytingar hafi ekki neikvæð áhrif á umhverfið.
4. VR krefst þess að breytingar á atvinnuumhverfi með tilkomu tengihagkerfis*, þar sem fólk tekur að sér stök verkefni í stað fastráðningar, skerði ekki atvinnuöryggi og að réttindi starfsfólks séu tryggð.

2. Hagsmunagæsla við breytingar á störfum

1. VR krefst þess að einstaklingar á vinnumarkaði fái aukin tækifæri og hvata til þess að þróa færni sína og læra nýja með sí- og endurmenntun.
2. VR krefst þess að framboð menntunar sé aðlagð að breyttum kröfum og endurspegli færniþörf á vinnumarkaði. VR krefst þess að gerðar séu reglulega spár um færniþörf á vinnumarkaði og þeim fylgt eftir með aðgerðaráætlun.

3. VR krefst þess að fyrirtæki bjóði starfsfólki upp á þjálfun og fræðslu svo það hafi möguleika á starfsþróun og þjálfun í ný störf ef fyrirséð er að störf þeirra taki breytingum í kjölfar tækniframfara og/eða breytts viðskiptaumhverfis.

3. Lýðræðisvæðing í fyrirtækjum (atvinnulýðræði)

1. VR krefst þess að áhrif starfsfólks í stærri fyrirtækjum séu tryggð með stjórnarsetu fulltrúa starfsfólks í stjórn fyrirtækisins.
2. VR krefst þess að vitneskja og þekking á lýðræðisvæðingu í fyrirtækjum verði almenn.

* e. Gig economy/Platform economy

Ragnar Þór bar nú upp til samþykktar ofangreinda tillögu að stefnu VR um vinnumarkað framtíðar með þeim breytingum á orðalagi sem samþykktar voru í umræðum.

Samþykkt samhljóða.

12. Sala á húsnæði VR á Suðurnesjum

Stefán lagði fram skjalið „Húsnæðismál á Suðurnesjum“ dags. 04.12 2019 en þar kom m.a. fram að við sameiningu VR við Verslunarmannafélag Suðurnesja hafi fylgt húsnæði að Vatnsvegi 14 í Reykjanesbæ sem sé eign í sameign með Hótel Keflavík. Þetta húsnæði er í senn óhentugt og of stórt auk þess sem það sé inni á hóteli en eigandi hótelsins hefur óskað eftir að kaupa húsnæðið og gert heildartilboð í fasteign og innréttingar uppá 46 milljónir króna og að hann taki við því í núverandi ástandi. Það tilboð er ásættanlegt að okkar mati. Þá hefur sami aðili milligengist að VR geti í staðin leigt skrifstofurými í Krossmóa 4a sem er sérhæft verslunar- og skrifstofuhúsnæði þar sem m.a. eru staðsett önnur stéttarfélög, Vinnumálastofnun ofl.

Því er lagt til að VR selji núverandi skrifstofuhúsnæði sitt í Reykjanesbæ og taki í stað þess á leigu skrifstofuhúsnæði að Krossmóum 4a í Reykjanesbæ.

Umræður.

Að loknum umræðum bar Ragnar Þór upp til samþykktar ofangreinda tillögu um sölu húsnæðis VR og leigu á nýju í Reykjanesbæ.

Samþykkt samhljóða.

Að gefinni samþykkt lét Ragnar Þór svo ganga til undirritunar stjórnarmanna umboð þessu til staðfestingar.

13. Launakjör formanns og framkvæmdastjóra

Sigurður greindi frá því að formaður og framkvæmdastjóri VR hafi farið á fund launanefndar en nefndin hefur haldið tvo fundi á starfsárinu. Formaður og framkvæmdastjóri fengu hækkun launa þann 1. apríl 2019 uppá kr. 17.000 sem er til samræmis við hækkun sem samið var um í kjarasamningum. Þá áttu þeir viðræður við nefndina um aukna vinnu vegna kjarasamningagerðarinnar og óskuðu þeir eftir auknum frídögum vegna þess. Samþykkti nefndin að veita þeim báðum aukaorlof um 100,7 stundir vegna þess.

Mánaðarlaun formanns VR eru nú kr. 1.183.611 auk kr. 29.600 aksturspeninga en formaður er auk þess með kr. 289.602 vegna formennsku í Landssambandi íslenskra verzlunarmanna.

Mánaðarlaun framkvæmdastjóra VR eru nú kr. 1.445.855 auk kr. 84.888 aksturspeninga en framkvæmdastjóri er auk þess með kr. 359.700 vegna stjórnarformennsku í Lífeyrissjóði verzlunarmanna.

Í launanefnd eru nú stjórnarmennirnir Sigurður Sigfússon, Dóra Magnúsdóttir og Bjarni Þór Sigurðsson.

Umræður.

Fundi var slitið kl. 20:45
Árni Leósson, fundarritari